

Ræða Katrínar Oddsdóttur, flutt í Ráðhúsi Reykjavíkur 8. mars 2011, í tilefni af alþjóðlegum friðardegi kvenna.

Til hamingju með daginn stelpur!

Ég er í kringum sex ára gömul og er að hlusta á þessa minn útskýra fyrir mér hvernig lögin virka sem boð og bönn samfélagsins. Ég spyr: „En þarf ég ekki að samþykkja allar þessar reglur?“. Svo hlýnar mér í maganum þegar ég sé hvað pabbi er ánægður með spurninguna. Það er fátt sem jafnast á við þá tilfinningu að vera fátækur í árum en geta bent þeim sem lengur hafa dregið andann, á fíranleika þess viðtekna.

Efinn um réttmæti þeirra reglna sem okkur er gefið að fara eftir hefur elt mig í gegnum lífið og að lokum ákvað ég að læra lögfræði til þess að geta skilið betur uppbyggingu og framkvæmd þeirra, og til að gera gagn. Í dag burðast ég með titilinn héraðs-dóms-lög-MAÐUR, og hef aldrei verið sannfærðari um að sumar reglur þurfi að brjóta. Og, sumar hefðir þurfi að mölbrjóta! Það að virða lög í blindni felur í sér afstöðuleysi, og í afstöðuleysi felst ofbeldi gagnvart þeim kúguðu. Ofbeldi snýst um valdbeitingu og þögnin ljáir valdbeitingunni lið sitt. Við verðum því alltaf að muna að fólkið er ekki búið til til að fara eftir lögum heldur eru lögin búin til fyrir fólkið og fyrir samfélagið.

Og skoðum nú aðeins þetta samfélag okkar uppréttu apategundar. Við erum nefnilega stórmerkileg dýrategund. Ef einn apanna slasar sig til dæmis, þá koma fullt af öðrum öpum askvaðandi á bílum með blikkandi ljós og færa sjúklinginn inn í sérstakt hús þar og leggja í mjúkt rúm og aðrir apar í hvítum sloppum hjúkra honum svo til heilsu. Eins ef foreldrar lítills mannapa geta ekki séð um hann koma sérhæfðir apar að málum og finna ný foreldri svo unginn fái dafnað. Þetta er náttúrulega fíranlega krúttulegt kerfi og frábær útfærsla á samlífi innan dýrategundarinnar okkar. Svona er þetta ekki hjá öllum dýrategundum og svona er þetta ekki alls staðar í mannheimum. En svona er þetta nokkurn veginn á Íseyjunni okkar.

Við höfum sem sagt búið okkur til samfélag sem grípur okkur þegar fyrirsjáanlegir breistir valda því að við getum ekki leyst málin sjálf. Þetta öryggisnet er einfaldlega ofið til að varna sársauka. Með því að varna sársauka aukast líkur á sátt í samfélaginu en með almennri sátt fæst svo aftur hið eftirsóknaverða ástand „friður“.

En hvaða mál ákveðum við að séu verðug þessa fallega öryggisnets? Kannski er áhugaverðara að spyrja hvaða vandamál detta beint í gegn um netið þrátt fyrir að vitað sé að þau valdi miklum sársauka? Getur verið að það séu að mestu leyti þau vandamál sem valda sársauka kvenna og barna?

Þegar fólk talar um þrá sína eftir heimsfriði, fyllist hausinn á mér stundum af tölfræði tengdri kynbundnu ofbeldi. Ég sé súlurit og prósentur og dett út. Kynbundið ofbeldi er nefnilega ekki

bara notað í stríðum heldur er kynbundið ofbeldi stríð, og vígvöllurinn er m.a. fallega íseyjan okkar.

Á Íslandi er til nóg af öllu. Við erum í raun nokkurs konar sýnishorn að samfélagi, svo fá og svo rík að við gætum passað upp á hvert og eitt okkar af talsverðri nákvæmni. En sú er ekki raunin. Sú er einfaldlega EKKI raunin, því hér lýðst að einn hópur beiti annan hóp ofbeldi með kerfisbundnum hætti án þess að vera stöðvaður.

Til að breyta því hvernig öryggisnet samfélagsins er ofið þarf þátttöku okkar sjálfra. Við erum þau sem ákveða hvernig og hvar netið sé staðsett. Við erum þau sem bera ábyrgð á því að árið 2009 höfðu 4.918 konur leitað til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis. Kynbundið ofbeldi er stríð og afstöðuleysi og aðgerðaleysi er þátttaka í því stríði! Það er engin hliðarlína í þessum leik.

Mig langar ekki til að skreyta mig með tölfræði og segja ykkur að það séu ekki vopnuð átök eða umferðarslys sem valdi flestum dauðsföllum í þessum heimi, heldur kynbundið ofbeldi. Ég nenni heldur ekki að segja ykkur frá því að 16 milljónir stúlkur verði fyrir kynferðislegu ofbeldi árlega á leið sinni í skólann. Þið hafið heyrt þetta áður og vitneskja ykkar ristir svo djúpt að það á ekki lengur að þurfa upptalningu staðreynda til þess að afmarka og réttlæta umræðuna.

Á íseyjunni okkar kemst menntaskólakennari upp með að kalla það „stríðni“ af sinni hálfu þegar hann segir að feministar þrái að vera nauðgað. Förum aðeins í gegnum hvernig þessi atburðaráðs gæti litið út. Maður þessi vaknar um morguninn, fer í sturtu, klæðir sig og fær sér kaffi. Kíkir á Netið og tekur þá eftir frétt sem tengist konu sem háir jafnréttisbaráttu. Maðurinn leggur frá sér kaffibollann, setur hendur sínar á lyklaborðið og velur stafi sem mynda setninguna: „*Sjáið bara hana Sóleyju. Undir niðri dauðlangar hana í nauðgun, það er nú heila málið.*“ Svo klárar maðurinn kaffið sitt, klæðir sig í skóna og keyrir í menntaskólann þar sem hann kennir ungu fólki eðlisfræði. Fræði eðlisins, fær unga fólkið numið frá manni sem telur það fræðilega sannað að eðli feminista sé vera nauðgað. Er skrítið í ljósi þessarar dæmisögu að ungar stelpur geri hvað sem er til að forðast það að vera kallaðar feministar. Hinn skítugi stimpill sem jafnréttissinnar hafa fengið, á sér kannski rætur í undirliggjandi hótun um ofbeldi? Stríðið er hér vinir mínir, og við erum þátttakendur hvort sem okkur líkar betur eða verr. Annað hvort skulum við berjast á hverjum degi við hvern sem er eða við skulum horfa í spegillinn og viðurkenna að ilvolgt afstöðuleysið gerir okkur að gerendum.

Hvað er þá til ráða? Við þurfum að byrja á því að búa til aðstæður þar sem hlúð er að þeim fórnarlömbum sem þegar hafa orðið fyrir tjóni vegna styrjaldarinnar sem m.a. er háð inn á heimilinum landsins. Það gerum við til dæmis með því að segja Jóni Steinari Gunnlaugssyni að skammast sín þegar hann segir það vera í þágu hiðs heilaga réttarríkis að sakfella ekki kynferðisafbrotamann, þrátt fyrir yfirgnæfandi sönnunargögn, vegna þess að það voru ekki önnur bein vitni að brotinu en þolandi og gerandi. Ég er lögfræðingur og ég lofa að þegja ekki þegar kollegar mínir segja að það sé eðlilegt að gera svo stífar sönnunarkröfur til brotþola að sú

ákvörðun þeirra að leita réttar síns fyrir dómstólum, jaðrar við að vera önnur nauðgun. Þrátt fyrir einhver skref í rétt átt eiga brotþolar kynferðisofbeldis í flestum tilfellum heima langt frá hinu fyrirheitna réttarríki – og ef ég tek ekki afstöðu gegn þeirri staðreynd, þá er ég samsek.

Við þurfum ýmsu að breyta. T.d. þeirri staðreynd að tugir lögreglumanna fáist við umferðargæslu á meðan enginn lögreglumaður á Íslandi vinnur við það sérstaklega að leita þeirra barna sem eru fórnarlömb barnaníðinga. Til þess að breyta samfélaginu þurfum við að átta okkur á því að það að taka afstöðu felst ekki í því að segja „ég er á móti þessu“ eða ég er „samþykkt hinu“. Það getur vissulega verið fyrsta skrefið í því að taka afstöðu, en það felst engin endanleiki í slíkum yfirlýsingum. Afstaða er ekki fullkomlega framkölluð fyrir en hún er ítrekuð með gjörð – því gjörð verður ekki aftur tekin.

Þess vegna þurfum við bæði að byrja að tala um þessa erfiðu hluti en við þurfum líka að hætta að tala um þá. Við eigum það öll sameinlegt að vera í líkama og þessa líkama þurfum við að nota til að breyta þessum heimi. Við þurfum að hætta að smella á „like“ á facebook og nota þessa stórfenglegu samskiptatækni í staðinn til þess að hittast og framkvæma gjörðir í líkamlegri návist hvors annars. Þannig myndast sú stórkostlega orka sem einkennir óeiningjarna baráttu fyrir betra samfélagi og hún er það skemmtilegasta sem hægt er að upplifa!

Í lögfræðinámi mínu var gömul löggá með mér í bekk. Við vorum ósammála um margt og tókumst gjarnan á í tímum og urðum þannig smám saman góðir vinir. Þessi maður hafði ríkulegan reynsluheim að baki sem hann byggði skoðanir sínar á. Hann var hatrammur andstæðingur kynbundins ofbeldis. Ég man eftir einu sem hann sagði sem snart mig, en það var að hann teldi að kynferðisleg misnotkun væri hluti af slæmum kafla þróunarsögu mannkyns sem yrði einn daginn útrýmt. Ég hef ákveðið að trúá þessari kenningu vinar míns og held að okkur takist einn daginn að koma okkur upp þannig samfélagi að kynbundið ofbeldi þrífist ekki.

Við verðum að hætta hinni friðsælu óvirkni, og þora að vera með vesen. Við erum ekki dýr í búri við getum reist viljans merki og breytt öllu. Við getum ákveðið að þetta svokallaða „Nýja Ísland“ sem er að rísa upp úr rústum efnahagshrunsins, sem fullkomin eftirmynd „gamla Íslands“, sé drasl. Við getum skilgreint sameiginleg markmið fyrir þennan þjóðflokk á nyrstu mörkum alheimsins sem fela í samfélag laust við ofbeldi og þar með alvöru frið. Við eigum nefnilega rétt til friðar og rétt til jafnréttis. En til að fullnægja þessum rétti þurfum við að taka afstöðu og láta alla vita að við höfum tekið hana og munum aldrei hvika frá henni. Við þurfum að taka afstöðu í orði OG í verki og við þurfum að gera það aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur. Við verðum að vera hugrökk og við verðum að nenna að berjast. Þannig mun okkur mannöpunum að lokum saman takast að búa til hið eftirsóknaverða ástand „frið“. Og friður, líkt og hugrekki, er smitandi ástand.